

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný B. Reynisd./Páll Freysteinnsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í Alcoa Fjarðaál. Samdægurs var haldinn samráðsfundur með fulltrúum HAUST og Fjarðarbyggðar. Í eftirlitinu kom fram eitt frávik varðandi geymslu olíublendaðs vökva á malarplani án fráveituhreinsunar og ein ábending var gerð varðandi frágang á geymslusvæði fyrir úrgang.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir eftirfarandi atriði

1. Kerlekar. Tíðni, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð.
2. Magn og tegund úrgangs. Skráningar, útflutningur og birgðastaða
3. Umhverfismarkmið
4. Önnur mál

1. Umhverfistofnun hefur óskað eftir að fá tilkynningar um kerleka þegar þeir koma upp. Fimm slíkar tilkynningar hafa borist frá síðasta eftirliti, þ.e. 29. janúar sl., 21. febrúar, 5. apríl sl., 25. apríl sl og 7. maí sl. Í öllum tilvikum voru hreinsivirki keyrð á fullum afköstum á meðan á kerlekanum stóð. Þetta eru nokkuð algengari kerlekar en gerist og gengur í verksmiðjunni. Farið var yfir ástæður kerlekana og viðbrögð við þeim. Einnig var farið yfir innra eftirlit Alcoa með ástandi kerjanna.

2. Í ársskýrslu (samfélagsskýrslu) er gert grein fyrir magni og flokkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Í kjölfar eftirlitsins var óskað eftir upplýsingum um móttökuaðila úrgangs.

3. Gert er grein fyrir yfirmarkmiðum í umhverfismálum í samfélagsskýrslu Alcoa. Hvert yfirmarkmið er brotið niður í afmarkaðra undirmarkmið. Vísar eru settir á losun og daglegan rekstur sem sýnilegir eru á skjám víðsvegar um verksmiðjuna, yfirfarnir daglega af viðkomandi starfsmönnum og vikulegar skýrslur eru sendar á yfirstjórn. Farið er yfir stöðu aukaafurða og úrgangs á mánaðarlegum fundum. Farið var yfir markmið 2017 og árangur við að ná þeim sem og markmið 2018.

Alcoa er með vottað gæða og umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 9001 og ISO 140001) og fékk endurnýjaða vottun í byrjun árs. Árlega fara fram innri úttektir í Alcoa Fjarðaáli. Auk þess er rekið innra umhverfisstjórnunarkerfi móðurfélags Alcoa þar sem að úttektir eru gerðar á 3 ára fresti.

4. Að loknum eftirlitsfundi var kerskáli skoðaður sem og geymslusvæði fyrir úrgangs. Skautskipti stóðu yfir í kerskála á tveimur kerjum vegna galla í skautum. Af þeim sökum vorum loftgæði fremur rýr. Einnig voru aðstæður á geymslusvæði fyrir úrgang skoðaðar.

Frávik frá

grein 2.12

Lýsing á fráviki

Við hlið geymslusvæðis fyrir spilliefni var kar með filterum frá víravél, sem mettaðir voru með olíublönduðum vökva. Karið var á malarplani án fráveituhreinsunar. Brugðist var við frávikinum í kjölfar eftirlitsins.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun gerði athugasemd við að plan á geymslusvæði fyrir úrgang væri ekki bundið og ekki nægilega hugað að hreinsun frárennslis af svæðinu í seinna eftirliti 2015. Enn er malarplan á geymslusvæðinu en spilliefni eru geymd í gámum með lekaþróum.

ANNAB

Samráðsfundur rekstraraðila með fulltrúa Fjarðarbyggðar, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Umhverfisstofnunar var sama dag og eftirlitið fór fram. Á fundinum var farið yfir ársskýrslu og umhverfissvöktunarskýrslu Alcoa Fjarðaáls og rætt um niðurstöður þeirra. Jafnframt var rætt um starfsleyfismál og innleiðingu á BAT með breytingu laga nr 7/1998. Nýtt BAT fyrir Non-Ferrous Metals var gefið út í júní 2016 og hefur rekstraraðili fjögurra ára aðlögunartíma frá útgáfu BAT. Rekstraraðili óskaði eftir skriflegum upplýsingum um túlkun Umhverfisstofnunar á atriðum í nýju BAT niðurstöðunum. Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili sendi skriflegt erindi með fyrirspurn um hvaða atriði þeir óska sérstaklega eftir túlkun á sem yrði tekið til meðferðar hjá teymi starfsleyfa og umsagna hjá stofnuninni.

Reykjavík, 23.07.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir